

32. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldin á skrifstofu Langanesbyggðar Fjarðarvegi 3 Þórshöfn miðvikudaginn 6. mars 2013 kl.12:00

Mætt eru: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson, Björgvin Þóroddsson, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá.

1. Drög af lokunaráætlun á urðunarsvæði á Þórshöfn.

Fyrir fundinum liggja drög að lokunaráætlun á urðunarsvæðinu á Þórshöfn en samkvæmt lögum um meðhöndlun úrgangs nr.55/2003 og reglugerð um urðun úrgangs nr. 783/2003 þarf að senda slíka áætlun til Umhverfisstofnunar.

Umhverfisnefnd samþykkir drögin fyrir sitt leyti og leggur til að sveitarstjórn sendi þau til Umhverfisstofnunar .

Samþykkt samhljóða

2. Kosning varaformanns UST

Tillaga gerð um að Jósteinn verði varaformaður

Samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál.

Spurt var eftir frágangi á húsinu Vegamótum. Gunnólfur náði gögn þessu tengt og fundarmenn ræddu stöðuna. Torfbærinn var byggður 1937 og steinhúsið 1949 samkvæmt Langnesingasögu. Búið að fela slökkviliðinu að kveikja í þessu.

Urðunnarstaðurinn á Bakkafirði ræddur. Nú er verið að urða sorp á Vopnafirði en það er skammtímalausn.

Spurt út í aðalskipulagið. Gunnólfur kynnti að það væri komið til ráðherra.

Fleira ekki gert

Fundi slitið 13:12